

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aukum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 8. maí 1974 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

a. Inntökuskilyrði.

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í einstökum greinum sem skilyrði inntöku. Enn fremur getur deildin takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að deildinni hverju sinni.

b. Kennslugreinar og kennsluhættir.

1. Námstími og kennsluhættir.

Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár (6 misseri). Próf eru að jafnaði haldin í lok hvers námskeiðs.